



Reykjavík, 7. nóvember 2017

Til trúnaðarmanna og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum

Efni: Könnun Kennarasambands Íslands meðal trúnaðarmanna 2013 og 2017.

Tilfni þessa bréfs er að vekja athygli á skýrslu um samanburð á niðurstöðum tveggja kannana sem KÍ lét gera meðal trúnaðarmanna árin 2013 og 2017 á viðhorfum þeirra til starfsaðstæðna sinna og til ýmissa þátta í starfi trúnaðarmanna. Skýrslan fylgir með þessu bréfi.

Capacent Gallup sá um könnuna árið 2013 og Hjördís Sigursteinsdóttir dósent við HA um könnunina árið 2017 og skýrslugerð. Svarhlutfall er mjög svipað í báðum könnunum, 82,4% og 80,2%, og langflestar spurningar eins í báðum fyrirliögnum.

Hér er bent á nokkrar niðurstöður.

- Trúnaðarmenn eru almennt ánægðari með aðkomu annarra að lausn verkefna en árið 2013. Algengast er að vinnuveitandi/skólastjóri, stéttarfélag og samstarfsfólk á vinnustað hafi mikla eða nokkra aðkomu að lausn þeirra verkefna sem trúnaðarmenn sinna og sýnir könnunin 2017 að mun fleiri mál komu inn á borð trúnaðarmanna frá vinnuveitanda eða skólastjórnendum en árið 2013.
- Spurt var um upplýsingagjöf yfirmanna til trúnaðarmanna samkvæmt 30. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og sýna niðurstöður að upplýsingagjöf til trúnaðarmanna hefur aukist á milli ára.
- Hvað varðar viðbrögð skólastjórnenda við beiðnum trúnaðarmanna um að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum aðildarfélags eða KÍ þá segja tæp 73% trúnaðarmanna í könnuninni 2017 að beiðnum þeirra sé almenn tekið mjög vel miðað við 65% árið 2013.
- Trúnaðarmenn voru spurðir hvort þeir hafi svigrúm í vinnutíma og aðstöðu á vinnustað til að sinna trúnaðarmannsstarfinu, svo sem aðgang að síma, tölvu og fundaraðstöðu, sbr. 29. gr. laga nr. 94/1986. Tæp 63% trúnaðarmanna höfðu oft eða alltaf svigrúm til að sinna trúnaðarmannsstarfinu í vinnutíma í könnuninni 2017 á móti tæpum 58% árið 2013. Hlutallslega færri trúnaðarmenn telja sig hafa góða aðstöðu á vinnustaðnum til að sinna trúnaðarmannsstarfinu árið 2017 en 2013 og fjölgun er á milli ára í hópi þeirra trúnaðarmanna sem segjast enga aðstöðu hafa á vinnustaðnum.
- Fleiri verkefni koma inn á borð trúnaðarmanna miðað við árið 2013 og segja 42,5% trúnaðarmanna að þeir finni fyrir meira álagi skólaárið 2016-2017 miðað við skólaárið á undan.

KÍ hvetur trúnaðarmenn og skólastjórnendur til að kynna sér skýrsluna og að taka hana til sameiginlegrar umræðu, jákvæða þætti og það sem betur má fara. Gott samstarf og samvinna trúnaðarmanna og skólastjórnenda skiptir miklu máli fyrir skólastarfið og vinnustaðinn í heild.

Með kveðju
F.h. fræðslunefndar KÍ
Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður